

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS BAKKAFIRÐI

Dagsetning	14.8.2013	Fulltrúi HAUST f h UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð	Starfsleyfi, rann út þann	5.9.2012
Heimilisfang	Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	42369-1749	Fulltrúi fyrirtækis	Indriði Þóroddsson, starfsmaður sveitarfélagsins á Bakkafirði
Isat nr.	38.21.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Urðun úrgangs		

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfseminna og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með samningi þar um.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn er útrunnið og með skoðun var staðfest að ekki er lengur urðað á svæðinu. Svæðið er hins vegar notað sem geymslusvæði fyrir úrgangsgáma, málma og annan grófan úrgang og einnig fyrir spilliefni.

Frávik frá starfsleyfinu sem nú er útrunnið voru staðfest, þ.e. að spilliefni eru geymd á svæðinu, nokkuð er um fokefni og upplýsingum um magn urðaðs úrgangs á árinu 2012 hefur ekki verið skilað.

UMFANG EFTIRLITS

Gengið var um svæðið, girðingar skoðaðar og ummerki um úrgang. Girðingar eru góðar og hlið læst. Engar opnar urðunarreinar eru á svæðinu. Vel var hugað að þeim hlutum sem eru í geymslu á svæðinu. Fundað var með starfsmanni sveitarfélagsins og farið yfir gögn máls í lok eftirlitsferðarinnar. Rætt var um deiliskipulag sem er í vinnslu og hugsanlega staðsetningu sýnatökubrunna til að vakta grunnvatn.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Spilliefni voru geymd á staðnum, að hluta til í opnum körum.

Frávik frá:

Gr.1 í starfsleyfi þar sem segir að leyfið gildi fyrir meðhöndlun allt að 200 tonna af á neyslu- og rekstrarúrgangi á ári.

Ekki er heimilt að taka við og geyma spilliefni nema á gámvöllum sem hafa til þess starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar eða á spilliefnamóttökum sem hafa starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Aldrei er heimilt að geyma spilliefni óvarin og utandyra þannig að þau liggi í vatni og geti mengað jarðveg í kring.

Frávik 2:

Nokkuð var um fokefni á svæðinu, ekki í miklum mæli en of mikið miðað við að ekki hefur verið urðaður úrgangur á svæðinu í allmarga mánuði.

Frávik frá:

Gr. 1.3 í starfsleyfi þar sem segir að berist óeðlilega mikil mengun frá svæðinu skuli komið í veg fyrir útbreiðslu og að rekstraraðila beri að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Frávik 3:

Ekki er vitað til þess að upplýsingum um magn sem urðað var á árinu 2012 hafi verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Frávik frá:

Samkvæmt grein 1.3 í starfsleyfi á að senda slíkar upplýsingar fyrir 1.3. vegna undangengins árs.

Önnur atriði:

Fram kom að ekið er með allan heimilisúrgang og slóg til urðunar í sveitarfélaginu Vopnafirði.

Staðsetning sýnatökubrunna til að fylgjast með grunnvatni var rædd ítarlega. Upplýsinga var leitað hjá fyrrum verktaka sem staðfesti að urðunarreinar efst í girðingunni hefðu verið þurrar jafnvel í 2.5 m dýpi. Einnig kom fram að verkfræðistofan Teikn er að vinna deiliskipulag fyrir urðunarsvæðið í þeim tilgangi að hægt sé að sækja um starfsleyfi fyrir urðun á ný.

12. október 2013



Helga Hreinsdóttir

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.